

Föstudaginn 16. ágúst 1996.

Nr. 313/1996.

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

**Björgu Arnþórsdóttur**

(enginn)

Kærumál. Húsleit.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. ágúst 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. ágúst sl., þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um heimild til húsleitar hjá varnaraðila, en sóknaraðili kveður sér ekki hafa orðið kunnugt um hinn kærða úrskurð fyrr en 12. þessa mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að sér verði heimilað að gera húsleit á heimili varnaraðila að Maríubakka 22 í Reykjavík til að kanna, hvort hún haldi þar hunda ólöglega, og sé sú raunin, að taka þá úr vörslum hennar.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að rökstuddur grunur sé um, að varnaraðili haldi hunda á heimili sínu og brjóti með því gegn samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989. Vísar sóknaraðili einnig til þess, að samkvæmt 6. gr. nefndrar samþykktar skuli taka óleyfilega hunda og færa í hundageymslu.

Fallist verður á það með sóknaraðila, að markmið húsleitar hjá varnaraðila sé að hafa uppi á munum, sem hald skal leggja á. Er því fullnægt skilyrðum 1. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1991, til að húsleit verði heimilud. Samkvæmt því verður krafa sóknaraðila tekin til greina.

**D ó m s o r ð:**

Sóknaraðila, lögreglustjóranum í Reykjavík, er heimil húsleit á heimili varnaraðila, Bjargar Arnþórsdóttur, að Maríubakka 22 í Reykjavík til að kanna, hvort hún haldi þar hunda ólöglega, og eftir atvikum taka þá úr vörslum hennar.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. ágúst 1996.

Ár 1996, föstudaginn 9. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp þessi úrskurður.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til 8. mgr. 23. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, 1. mgr. 5. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 305 og samkvæmt 89. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að lögreglunni verði heimiluð húsleit í kjallaraherbergi að Maríubakka 22, Reykjavík, á heimili Bjargar Arnþórsdóttur í því skyni að kanna, hvort Björg haldi hunda ólöglega á heimili sínu, og ef sú sé raunin, að taka þá úr hennar vörslum. Þess er krafist, að heimildin nái til leitar í geymslum og læstum hirslum. Lögreglan segir kröfuna vera setta fram í þágu rannsóknar máls vegna ætlaðs brots Bjargar á framangreindri samþykkt um hundahald í Reykjavík.

Lögreglan segir, að mánudaginn 29. apríl 1996 hafi verið óskað eftir aðstoð lögreglu vegna tveggja hunda, sem hafi verið að gera usla í hænsnum í Árbæjarsafni í Reykjavík. Um hafi verið að ræða tík og hund af terrierkyni. Lögreglan hafi handsamað hundana og fært þá í vörslu Dýraspítalans í Víðidal. Björgu hafi síðan verið afhentir hundarnir gegn því skilyrði, að hún kæmi hundunum til eiganda þeirra, Sigurbjörns Þorkelssonar, bónda að Hryggi, Hraungerðishreppi í Árnassýslu. Þessu skilyrði hafi Björg ekki fullnægt, og haldi hún hundana tvo ásamt sex hvolpum í litlu kjallaraherbergi að Maríubakka 22, þar sem hún býi.

Lögregla segir, að þar sem ekki sé leyfi fyrir hundunum í Reykjavík, hafi heilbrigðiseftirlitið farið fram á að fá hundana afhenta, en Björg ekki orðið við því. Hinn 24. júlí 1996 hafi lögregla farið ásamt hundaeftirlitsmanni að heimili Bjargar og farið fram á, að hún afhenti hundana, en því hafi hún neitað. Hundaftirlitsmaðurinn hafi veitt Björgu frest til 27. júlí 1996 til þess að losa sig við hundana, og hafi hún heitið því. Þrátt fyrir þetta loford séu hundarnir enn í vörslum Bjargar að Maríubakka 22.

Lögreglan segir, að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi óskað aðstoðar lögreglu vegna framangreindra hunda, sem séu ólöglega í vörslum Bjargar. Það er skoðun lögreglunnar, að þar sem mjög brýnt sé, að hundaeigendur virði þær reglur, sem í gildi séu um hundahald, og að ólöglegir hundar verði teknir, svo sem hér sé ætlunin að gera, sé nauðsynlegt að fara á heimili Bjargar og taka úr hennar vörslum hunda, sem hún haldi ólöglega.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Af hálfu lögreglu er fullyrt, að Björg haldi hunda án tilskilinna leyfa, og er ekki reynt að sýna fram á, að nauðsynlegt sé vegna rannsóknar málsins

að gera húsleit á heimili hennar. Í raun snýr krafa lögreglunnar að því að fá úrskurð dómara um heimild til að fara inn á heimili Bjargar í því skyni að taka hunda úr vörslum hennar og stöðva þannig ólöglegt atferli. Heimild til slíkrar aðgerðar verður ekki veitt á grundvelli 89. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en ákvæðið heimilar einungis leit í þágu rannsóknar máls. Samkvæmt þessu verður að hafna kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, en hvorki 8. mgr. 23. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit nr. 81/1988 né 1. mgr. 5. gr. samþykktar nr. 304/1989 um hundahald í Reykjavík veitir lögreglunni eða öðrum yfirvöldum heimild til að fara inn á heimili og svipta mann umráðum hunds.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um heimild til húsleitar í kjall-  
araherbergi að Maríubakka 22, Reykjavík, á heimili Bjargar Arn-  
þórsdóttur, er hafnað.

---